

# RAFORKUHÓPUR ORKUSPÁRNEFNDAR

Landsnet - Norðurorka - Orkustofnun - Orkuveita Reykjavíkur - RARIK - Samorka

Reykjavík, 7. október 2009

## MINNISBLAÐ

### FYRSTU ÁHRIF EFNAHAGSSAMDRÁTTAR Á RAFORKUNOTKUN

Raforkuhópur Orkuspárnefndar tekur saman tölur um raforkunotkun á þriggja mánaða fresti og birtir á heimasíðu orkuspárnefndar. Nú þegar miklar breytingar eiga sér stað í þjóðfélaginu er mikilvægt að fylgst sé vel með þróun raforkunotkunar þar sem búast má við að efnahagssamdrátturinn muni koma fram í almennri raforkunotkun. Áhugavert er einnig að skoða hvernig og hvar samdrátturinn kemur fram og eiga þessar upplýsingar að geta bætt vinnu raforkuhóps orkusparnefndar við gerð raforkuspár.

#### *Raforkunotkun á fyrstu níu mánuðum ársins 2009*


Þegar horft er á þróun almennrar raforkunotkunar og hagvöxt sést að sterk tengsl eru á milli þessara þátta eins og eðlilegt er, sjá mynd 1. Þegar landsframleiðsla vex hægt eða dregst saman minnkar einnig vöxtur raforkunotkunar. Það er því við því að búast að raforkunotkun muni dragast eitthvað saman við þann efnahagssamdrátt sem nú á sér stað enda var gert ráð fyrir því við endurreikning raforkuspár á fyrri helmingi þessa árs.

Þegar horft er á aukningu almennrar forgagnsorkunotkunar eftir ársfjórðungum síðan í ársbyrjun 2008 kemur fram að aukning raforkunotkunar hefur farið minnkandi frá 2. ársfjórðungi 2008, sjá mynd 2. Notkunin minnkaði um rúm 4% á öðrum ársfjórðungi þessa árs frá sama ársfjórðungi á síðasta ári en notkunin dróst saman um 1,3% á þriðja ársfjórðungi. Á sama tíma á síðasta árið var farið að hægja á notkuninni auk þess sem aukin ferðalög landsmanna innanlands í sumar fremur en sumarfrí erlendis hafa t.d. skilað sér í minni samdrætti en á 2. ársfjórðungi. Helstu þættir sem valda þessum samdrætti eru eftirfarandi:


- Brottlutningur fólks og minni einkaneysla
- Lítil aflí uppsjávarfiska
- Samdráttur í byggingastarfsemi og verklegum framkvæmdum
- Minni framleiðsla fyrirtækja í iðnaði sem tengjast byggingastarfsemi
- Samdráttur í þjónustugreinum

#### *Breytingar á raforkuspá*

Raforkuhópur orkuspárnefndar gaf út endurreiknaða raforkuspá um mitt þetta ár og þar er gert ráð fyrir að almenn notkun forgagnsorku muni minnka á þessu ári um nálægt 1%. Tölur fyrir fyrstu 9 mánuði ársins benda til þess að minnkunin verði meiri eða 2-3%. Þrátt fyrir þessa breytingu mun raforkuspáin ekki vera endurskoðuð frekar á þessu ári en á næsta ári mun raforkuhópurinn fara ítarlega yfir þróun notkunar til að bæta grunn spárinnar sem mun koma út á því ári.



**Mynd 1** Hlutfallsleg breyting almennrar forgangsorku og landsframleiðslu 1985-2008.



**Mynd 2** Hlutfallsleg breyting almennrar forgangsorku eftir ársfjórðungum frá ársbyrjun 2008, í samanburðinum er miðað við sama ársfjórðung árið á undan.